

Mál nr. 67/2014
M og
V-1 v. bifreiðarinnar A og V-2 v. bifreiðarinnar B

Árekstur bifreiða á Hringbraut í Hafnarfirði þ. 5.1.2014.

Gögn.

1. Málskot móttækið þ.5.3.2014 ásamt fylgiskjöllum 1-2.
2. Bréf V-1 dags. 28.3.2014.
3. Bréf V-2 dags. 19.3.2014 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Árekstur varð með A og B á Hringbraut í Hafnarfirði við Fögrukinn. Bifreiðunum var ekið úr gagnstæðum áttum og var A ekið utan í opnar hurðir á vinstri hlið B. Ökumaður A segist hafa fengið glýju í augun vegna ljósa á B og sem hafi verið komin inn á sinn vegarhelming. Ökumaður B segist hafa verið stopp og B verið á réttum vegarhelmingi hann segir að nafngreindur maður hafi opnað farþegahurð vinstra megin að aftan og gert sig líklegan til að setjast inn í B. Ökumaður B segir að þar sem rúðan á ökumannshurðinni hafi verið óvirk hafi hann opnað hurðina til að ræða við manninn. Tveir farþegar í B bera með sama hætti og ökumaður B og umræddur maður var á staðnum áberandi ölvaður skv. lögregluskýrslu

Álit.

Ökumaður A ok utan í hurðir B þar sem B var kyrrstæð á húsagötu þar sem hámarkshraði er 30 km/klst. Ökumaður A segir að hún hafi fengið glýju í augun og að B hafi verið á röngum vegarhelmingi. Ekki hefur verið sýnt fram á að B hafi verið á röngum vegarhelmingi og sérstök skylda hvílir á ökumanni að aka nægjanlega hægt miðað við aðstæður sbr. 36.gr umferðarlaga nr. 50/1987 m.a. þegar hætta er á að ljós valdi glýju. Ökumaður A ber því alla sök á árekstrinum. Ekki hefur verið sýnt fram á að ökumaður B hafi brugðist við með röngum hætti þegar hann varð fyrir áreiti í umrætt sinn frá gangandi vegfaranda.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber alla sök á árekstrinum.

Reykjavík 15.4.2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.